



Mörk í nánun rými: #MeToo í sviðslistum og íþróttum

Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Fátt hefur valdið jafnmiklu umróti í samfélaginu síðustu ár og reynslusögur kvenna af kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi sem birtar voru undir merkjum #MeToo. Á Íslandi hófst umræðan fyrir alvöru í nóvember 2017 þegar fyrstu sögur hópa kvenna birtust opinberlega. Alls birtu 17 hópar sögur þennan vetur. Sumir hópar kölluðu eftir breytingum með almennu orðalagi en aðrir lögðu fram skýrar kröfur um aðgerðir. Tilgangur rannsóknar okkar var að kortleggja þessar kröfur og viðbrögðin við þeim til að reyna að meta árangur þessarar samfélagslegu hreyfingar. Við þrengdum viðfangsefnið og skoðuðum íþróttir og sviðslistir með greiningu fyrirbyggjandi gagna og viðtölum við íþróttakonur, konur í sviðslistum og áhrifafólk tengt þessum tveimur hópum. Hóparnir eiga það sameiginlegt að eiga mikið undir valdamiklum einstaklingum, þjálfurum eða leikstjórum. Valdaójafnvægi er því mikið. Eins er návígið mikið, starfsvettvangur er lítill og fólk þekkt vel. Hluti af námi, þjálfun og starfi felst í að færa til mörk og þenja sig til hins ítrasta undir leiðsögn. Þá getur verið erfitt að átta sig á hvenær slíkt þróast yfir í misnotkun valds.

Við notuðum hálfstaðlaða viðtalsramma og báðum viðmælendur að segja okkur hvort eitthvað hefði breyst í daglegum störfum þeirra eftir #MeToo, eitthvað sem væri ekki endilega tengt formlegum breytingum.

Meginniðurstöður eru þær að formlegar breytingar urðu hvað íþróttahreyfinguna varðar en síður í sviðslistunum. Viðmælendur okkar voru þó sammála um að breytingar hefðu orðið á hegðun og framkomu hjá báðum hópum. Fleira væri rætt en áður og frekar tekið strax á óviðeigandi framkomu. Sértekari niðurstöður eru settar í kenningarlegt samhengi við félagslegan stöðugleika, hlutverk gleðisþillisins og þekkingarlegt óréttlæti.

Efnisorð: #metoo, kynferðisleg áreitni, kynferðisofbeldi, sviðslistir, íþróttir

Inngangur

Ísland hefur á alþjóðavettvangi þá ímynd að kynjajafnrétti sé hér meira en gengur og gerist í heiminum, a.m.k. sé íslenskt samfélag með þeim fremstu á því sviði (World Economic Forum, 2019). Þrátt fyrir það hafa rannsóknir og kannanir sýnt að ofbeldi og áreitni gegn konum er stórt vandamál á Íslandi. Könnun á ofbeldi gegn konum frá 2010 sýndi þannig að 22% íslenskra kvenna höfðu verið beittar ofbeldi í nánun sambandi (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Þá hafa kannanir sýnt að tugir prósentu íslenskra kvenna hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi (Ásta Snorradóttir o.fl., 2020; BSRB, 2018). Vandamálið er því augljóslega til staðar og hafi einhver efast, þá ættu þær sögur sem birtust á grunni #MeToo-hreyfingarinnar að hafa dregið úr þeim efasemdum.

Uppruni myllumerkisins #MeToo er frá 2006 þegar Tarana Burke notaði það til að vekja athygli á mikilvægi stuðnings og samstöðu jaðarsettra svartra kvenna. Myllumerkið tók svo yfir Twitter þegar leikkonan Alyssa Milano notaði það til að hvetja konur sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi eða kynferðislegri áreitni til að deila myllumerkinu #MeToo til að vekja athygli á algengi slíks ofbeldis gagnvart konum. Persónulegar sögur af kynferðisofbeldi og áreitni með myllumerkinu flæddu yfir heiminn og hreyfingin var farin af stað (Chandra og Irma Erlingsdóttir, 2020). Misjafnt var hvort gerendur væru nefndir á nafn en Harry Weinstein varð að eins konar holdgervingi gerenda, þó svo að fleiri nöfn kæmu upp (Zarkov og Davis, 2018).

Viðbrögð við #MeToo-sögum voru yfirleitt jákvæð gagnvart þolendum en það breyttist fljótt ef gerandi var nefndur á nafn. Einungis fáir nefndir gerendur voru dæmdir eða látnir sæta einhvers konar afleiðingum á meðan margar konur sem upplýstu um nöfn gerenda sinna voru látnar gjalda fyrir það (Chandra, 2020). Þetta var raunverulegur ótti íslensku kvennanna sem birtu sögur og kom fram hjá okkar viðmælendum:

Við viljum ekki fá einhverjar meiðyrðaákærur og annað, þetta er auðvitað bara (...) lagaramminn er auðvitað bara þannig að, hann býður ekki upp á annað í rauninni. (Íþróttir)

Nafnbirting einstakra gerenda sem þar með er hægt að dæma án þess að menningunni eða kerfinu sé breytt felur einnig í sér þá hættu að samfélagið líti svo á að vandamálið sé úr sögunni. Chandra (2020) hefur bent á að nafnleysi (bæði þolenda og gerenda) sé ef til vill vel til þess fallið að varpa ljósi á kerfið í staðinn fyrir einstaklinginn og það eykur möguleika á að draga fram hvernig valdagerð kerfisins hefur stuðlað að því að kynferðisleg áreitni og ofbeldi sé faraldur (bls. 105). Nafnleysið var meðvituð ákvörðun hjá íslensku hópunum:

Það var bara almennt yfir alla MeToo-hópana hérna, að til þess að, hérna, þannig að fókusinn væri á vandamálinu þá væru hvorki gerandi né þolandi nafngreindir. (Íþróttir)

Í því ljósi að sögurnar sem hóparnir hérlendis birtu voru nafnlausar, bæði um þolendur og gerendur, er áhugavert að velta fyrir sér hvort menningin og kerfið hafi breyst í kjölfar #MeToo.

Á Íslandi birtist #MeToo-hreyfingin fyrst opinberlega 21. nóvember 2017 þegar konur í stjórn málum deildu reynslusögum sínum¹. Konur í sviðslistum og kvikmyndum voru næstar en þær birtu sínar sögur 27. nóvember og síðan kom hver hópurinn á fætur öðrum fram, í nóvember, desember 2017 og janúar 2018 þar til alls 17 hópar höfðu deilt reynslu sinni með alþjóð. Konur í íþróttum lögðu fram sínar sögur 11. janúar.

Mikill meirihluti Íslendinga telur að #MeToo-hreyfingin hafi verið jákvæð. Rúmlega 70% töldu svo vera í könnun. Í sömu könnun kom einnig fram að töluverður hópur sagði frá ofbeldi og áreitni í kjölfar #MeToo-umræðunnar fyrir utan þær sem deildu sögum í hópum, 17% kvenna og 4% karla (Ásta Snorradóttir o.fl., 2020). Viðbrögð í íslensku samfélagi hafa verið töluverð, ráðstefnur verið haldnar, aðgerða- og starfshópar skipaðir, námskeið verið haldin á vinnustöðum og fjárveitingar til íþróttafélaga skilyrtar því að siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræðsla um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi sé til staðar (Hugrún Hjaltadóttir, 2018), svo dæmi séu nefnd.

Ætlun okkar með þessari rannsókn er að kortleggja kröfur kvennanna í #MeToo og viðbrögð við kröfum um breytingar til að reyna að meta árangur þessarar samfélagslegu hreyfingar. Auk formlegra breytinga vildum við líka reyna að fanga upplifun á óformlegum breytingum. Því markmiði vildum við ná með viðtölum við einstaklinga sem tengjast tveimur af þessum hópum, konur í sviðslistum og konur í íþróttum. Ástæða þess að við völdum tvo hópa var þörf til að afmarka okkur, auk þess sem okkur sýndist þessir tveir hópar eiga sameiginlega ákveðna þætti sem gætu leitt til svipaðrar reynslu.

¹ Þegar þessi grein er skrifuð er #MeToo-hreyfingin enn í fullum gangi og er talað um aðra bylgju #MeToo (Ritstjórn Kjarnans, 2021).

Markmið þessarar greinar er að fara yfir þær formlugu breytingar sem #MeToo stuðlaði að varðandi þessa tvo hópa, sviðslista- og íþróttafólk, en líka að rýna í aðstæður og menningu sem einkenna þessi svið og nota til þess kenningar um félagslegan stöðugleika (Goffman, 1959), gleðisþillinn (Ahmed, 2010) og þekkingarfræðilegt óréttlæti (Jackson, 2018) til að draga fram áhrif þeirra á kynferðislega áreitni og ofbeldi innan íþróttta og sviðslista.

Fræðilegt samhengi

Rannsóknir á áreitni og ofbeldi innan sviðslista og íþróttta

Af erlendum og innlendum rannsóknum að dæma virðist sem kynferðisleg áreitni sé töluvert algengari í heimi sviðslista og innan íþróttta en annars staðar.

Norsk rannsókn sýndi þannig að þar í landi hefðu fimm prósent leikara orðið fyrir kynferðislegri áreitni á næstliðnum sex mánuðum og 0,4% í ríkum mæli. Sambærilegar tölur fyrir samfélagið í heild voru 1,1% og 0,1% (Kleppe og Røyseng, 2016). Í nýrri rannsókn meðal íslensks sviðslistafólks svöruðu 37% þátttakenda „já örugglega“ þegar spurt var hvort viðkomandi hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni í námi eða starfi. 44% kvenna svöruðu játandi og 27% karla (Kristín A. Hjálmsdóttir, 2020, bls. 10). Þetta eru mun hærrí tölur (og minni kynjamunur) en mældist í könnun á íslenskum vinnumarkaði í heild (Ásta Snorradóttir o.fl., 2020). Rétt er að taka fram að þessi rannsókn var unnin að frumkvæði Sviðslistasambands Íslands og sem viðbrögð við #MeToo.

Í grein Kleppe og Røyseng (2016) um stöðuna í Noregi er bent á að mjög ríkur þáttur í uppsetningum innan sviðslista felist í samskiptum kynja og oft innan ramma hefðbundinna samfélagslegra kynhlutverka. Slíkt geti ýtt undir áreitni því þó að sviðslista og einkasviðið séu aðskilin geti verið illmögulegt að reisa múr þar á milli. Vinna sem snúist um að koma hefðbundnum kynhlutverkum á framfæri á trúverðugan hátt geti þannig haft áhrif á hegðun utan vinnunnar. Í slíkri vinnu þarf ákveðna nánd og traust og jafnvel kynorku. Þessi nánd á þó ekki einungis við um samleikara heldur einnig leikstjóra.

Vald leikstjóra er mikið eins og kemur skýrt fram hjá Kleppe og Røyseng (2016) þar sem leikstjóra er líkt við töframann sem hefur valdið, leiðtoga sem með persónutöfrum sínum stjórnar ferðinni. Leikarar þurfa að setja mikið traust á leikstjóra til að leiða sig áfram í ferlinu og þurfa að vera tilbúnir að leggja ýmislegt á sig til þess að öðlast náð fyrir augum leikstjórans, enda samkeppnin mikil. Að vera auðsveipur, að vera ekki erfiður við leikstjóran, verður þannig kostur fyrir leikara. Í slíkum aðstæðum færast mörk auðveldlega til, bæði líkamleg og félagsleg, sem getur leitt til misnotkunar á valdi. Þessar áhugaverðu hugmyndir geta þó ekki skýrt mikla útbreiðslu kynferðislegrar áreitni innan íþróttta því þar er ekki verið að endurskapa hefðbundin hlutverk, þvert á móti eru konur þar að halda inn á hefðbundin karlasvið. Það er því líklega einhver annar þáttur sem hefur meiri áhrif innan sviðslista heldur en óskýr mörk milli einkasviðs og leiksviðs.

Valdaójafnvægið gæti þó líka átt við um þjálfara og íþróttafólk. Til þess að ná sem bestum árangri í sinni íþrótt, þarf íþróttafólk að setja mikið traust á þjálfara til þess að leiða sig áfram í því ferli. Nýleg rannsókn Eiler o.fl. (2019) sýnir að vald (eða valdaójafnvægi) og traust eru lykilatriði þegar kemur að hættu á kynferðisofbeldi í íþróttum. Sjúkraþjálfarar, læknar og ekki síst þjálfarar eru þar í yfirburðastöðu vegna þess trausts sem íþróttafólk þarf að setja á þessa aðila. Valdamisræmið kemur sérstaklega fram í hversu erfitt getur verið að afþakka óvelkomna kynferðislega athygli frá aðila sem mögulega hefur úrslitavald um hvort viðkomandi hljóti tækifæri og framgang í íþróttinni. Með sama hætti getur það haft afar neikvæðar afleiðingar fyrir þolanda sem segir frá ofbeldinu eða áreitninni þegar gerandinn er valdamikill og aðrir í hliðstæðum stöðum treysta honum en trúa ekki þolanda. Ohlert o.fl. (2019) segja afreksíþróttafólk sérstaklega varnarlaust þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi og áreitni og kalla eftir auknum forvörnum þar sem þjálfarar og annað fagfólk sem kemur að þjálfun afreksíþróttafólks fái betri fræðslu um hvað felst

í slíku ofbeldi og hverjar afleiðingar þess eru. Þetta er svipað og Eiler o.fl. (2019) draga fram, en þau bæta þó við mikilvægi þess að þessir aðilar fái fræðslu um valdaójafnvægið á milli þjálfara og íþróttafólks, hvernig eigi að átta sig á því og fara vel með það. Eins nefna þau að ræða þurfi mýtur sem tengjast kynferðisofbeldi, t.d. þá að alltaf séu líkamlegir áverkar eða að gerandi sé yfirlétt einhver ókunnugur. Í nýlegri kanadískri rannsókn þar sem farið er yfir áhrif #MeToo á þjálfara, kemur í ljós að þjálfarar vilja gjarnan fá aukna fræðslu og þjálfun (Tam o.fl., 2020).

Þættir eineltis, ofbeldis og kynferðislegrar áreitni innan íþróttahafa ekki verið rannsakaðir skipulega hér á landi og vekur það nokkra furðu í ljósi þess hversu algengt er að börn og ungmenni taki þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Erlendar rannsóknir hafa hver á fætur annarri staðfest mikla útbreiðslu þessara neikvæðu þátta innan íþróttahéimsins (sjá t.d. Björnseth og Szabo, 2018; Brackenridge o.fl., 2008; Leahy o.fl., 2002; Vertommen o.fl., 2018). Þá er áhugavert að þó svo að lengi hafi verið talið að þjálfarar væru líklegastir til slíkrar hegðunar er ein af niðurstöðum nýlegrar yfirlitsgreinar sú að verið geti að aðrir íþróttaiðkendur séu frekar megingerendur (Björnseth og Szabo, 2018).

Félagslegur stöðugleiki, hlutverk gleðispillisins og þekkingarlegt óréttlæti

Til að draga fram hvernig menning innan þessara sviða hefur áhrif á viðmælendur okkar, hvort rými sé til þess að segja frá og hvort á þá sé hlustað, notum við kenningar um félagslegan stöðugleika (Goffman, 1959), gleðispillinn (Ahmed, 2010) og þekkingarfræðilegt óréttlæti (Jackson, 2018).

Samkvæmt kenningum Goffman (1959) um félagsleg samskipti er óformlegt handrit til staðar í samskiptum fólks þar sem ákveðnar reglur gilda. Goffman hefur notað líkingamál tengt leikhúsi og kallað þessi samskipti leikrit og þátttakendur í samskiptunum leikendur. Hver leikandi hefur svo sitt hlutverk sem mótast af stöðu hvers og eins í leikritinu. Þessi staða getur til dæmis verið kyn, stétt og fötlun (Lawler, 2014), en einnig valdastaða sem ákveðið starf veitir. Til þess að félagslegum stöðugleika sé viðhaldið þurfa allir leikendur að leggja sig fram um að uppfylla sitt fyrirframgefna hlutverk (Goffman, 1959). Hugmyndir um kvenleika og karlmennsku hafa áhrif á hlutverk leikenda (Goffman, 1976; West og Zimmerman, 1987), með öðrum orðum, „kyngervi er alltaf leikið innan þess ramma sem félagslegt samhengi leyfir“ (Lawler, 2014, bls. 129). Kvenleikahugmyndir í nútímanum ýta undir að kynferðisleg athygli sé jákvæð (Evans o.fl., 2010), líkami kvenna sé skrautmunur (Bartky, 1998) þar sem hið karllæga augnaráð ræður ríkjum (Ásta Jóhannsdóttir, 2019; Mulvey, 1989). Karlmennskuhugmyndir hafa hins vegar að hluta til snúist um yfirráð, líkamlegan styrk og sjálfstæði (Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 2018; Lorentzen, 2011). Þessi hlutverk eru því harla ólík og væntingar til leikenda ólíkar. Hér er því mikilvægt að hafa í huga valdastöðu kynjanna sem bæði skapar og festir í sessi ójafna stöðu þeirra til að taka þátt í að skapa ríkjandi túlkun á heiminum (Jackson, 2018).

Þegar röskun verður á leikritinu, annaðhvort vegna þess að einhver ruglast eða fer ekki eftir handriti, getur skapast uppnám sem Goffman segir að allir viðstaddir reyni að laga til að koma aftur á félagslegum stöðugleika, bæði áhorfendur og þátttakendur í sýningunni (Goffman, 1959). Öllum er umhugað um að samskipti gangi vel og reyna því að breiða yfir þá þætti leikritsins sem eru líklegir til að geta skaddað. Að sjálfsgöðu má reikna með að þetta sé frekar gert ef sá sem sýnir af sér óviðeigandi hegðun er ofarlega í valdastiga viðkomandi leikrits. Ahmed (2010) talar í svipuðu samhengi um gleðispilli (e. killjoy) sem er sá stimpill sem uppljóstrari fær á sig við að segja frá misferli. Sá sem er uppljóstrari er oft álitinn ábyrgur fyrir vandann, en ekki sá sem varpar ljósi á vandann. Með því að vera uppljóstrandi gleðispillir er viðkomandi álitinn sýna af sér ákveðna sviksemi gagnvart heildinni. Krafa um hollustu felur þannig í sér að leikritið haldi hnökralaust áfram og allir viðkomandi samþykki að hylma yfir misferli (Ahmed, 2010). Jákvæð ára umlykur oft afreksfólk í íþróttum og aðra þekkt einstaklinga og vegna tilhneigingar okkar til að vilja hafa einsleita mynd af fyrirbærum og einstaklingum, er erfiðara að trúá einhverju misjöfnu um þá. Þetta er það sem kallað hefur verið geislabaugsaáhrifin (e. halo effect) (Nufer, 2018). Í slíkum

tilfellum er efast um reisu og gildi gleðispillisins og sjálf viðkomandi gert ótrúverðugt (Jackson, 2018). Gleðispillirinn verður uppruni misferlis og þarf að fara (Ahmed, 2010). Þetta er hægt að kalla þekkingarfræðilegt óréttlæti (e. epistemic injustice) þar sem gleðispilli er ekki trúað og frásögnin afgreidd sem örökræn (Jackson, 2018). Í stað þess að trúa þolanda/gleðispilli bregðast hlustendur fjandsamlega við og útskúfa viðkomandi.

Það er því ljóst að það að verða gleðispillir er ekki án fórnar, enda hika fólk gjarnan við það. Vald hefur þar mikið að segja. Hvaða þýðingu hefur það að uppljóstra? Hvað kostar það að viðhalda stöðugleikanum? Með því að neita að fylgja handritinu er gleðispillirinn sá sem veldur öðrum óþægindum. Þannig verða gleðispillar líkt og límkenndir (e. sticky) – afhjúpunin festist við – vegna þeirra tilfinninga sem eru tengdar við þá (Ahmed, 2010). Það sem getur því auðveldlega gerst er það sem mætti kalla að „kæfa vitnisburð“ (e. testimonial smothering) sem vísar til þess þegar manneskjan sem ætlar að tala hættir við vegna þess að hlustendur eru óhæfir til að heyra hvað hún hefur að segja. Með því að aðrir heyra ekki, er gleðispillirinn þvingaður til að þegja – því með því að segja frá myndi hún hætta framtíð sinni (Jackson, 2018, bls. 7), Hún gæti eyðilagt framtíðarmöguleika sína innan þeirrar stofnunar þar sem hún kvartar (Ahmed, 2021) eða stuðlað að niðurrífi þess samfélags sem er orðið eins og fjölskylda eða annað óskilgreint „við“ (Ahmed, 2017). Hér er því í raun um svipaða þætti að ræða og einkenna kynferðislega misnotkun innan ramma heimilis og fjölskyldu (Alaggia o.fl., 2019; Lemaigre o.fl., 2017).

Slík menning gerir að verkum að þolendur geta átt erfitt með að segja frá, og auðveldar jafnframt gerendum að halda uppteknum hætti án truflunar.

Aðferðafræði

Rannsóknin byggist á eigindlegum aðferðum sem henta vel til þess að fá fram persónulega reynslu og upplifun fólks af ákveðnum fyrirbærum eða atburðum. Aðferðafræðilegi grunnur þessarar rannsóknar er því undir áhrifum félagslegrar mótunarhyggju (Creswell, 2012) og við sem rannsakendur staðsetjum okkur innan femíníks póstrúktúralisma þar sem við erum bæði undir áhrifum ríkjandi orðræðu en höfum á sama tíma möguleika til að breyta henni. Til þess þó að geta gert það, verðum við að afbyggja orðræðuna og þannig stuðla að breytingum (Gavey, 2011).

Til þess að afla gagna notuðum við hálfstaðlaða viðtalsramma (Braun og Clarke, 2013) og ræddum við íþróttakonur, konur í sviðslistum og áhrifafólk tengt þessum tveimur hópum. Þátttakendur í rannsókninni voru sjö einstaklingar sem tilheyrðu þessum hópum, fjórir frá sviðslistum og þrír úr heimi íþróttanna. Markmiðsúrtak (e. purposive sample) var notað þar sem við leituðum eftir þátttakendum sem gætu veitt góðar upplýsingar, tengdar #MeToo, um reynslu sína og upplifun af vettvangi íþróttar og sviðslista. Tekin voru hálfopin viðtöl við hvern þátttakanda, eitt viðtal við hvern, á tímabilinu nóvember 2018 til mars 2019 og tók hvert viðtal frá einni og upp í þrjár klukkustundir. Viðtölin voru greind með því að notast við þemagreiningu. Greining viðtalanna fór að hluta til fram jafnhliða gagnaöflun og var þannig notuð til þess að þróa rannsóknina markvisst áfram (Braun og Clarke, 2013) en var svo kláruð þegar allri gagnaöflun var lokið.

Jafnframt nýttum við birt gögn svo sem frásagnir hópanna og kröfur þeirra og skoðuðum heimasíður stofnana og samtaka, sem tengjast þessum sviðum, til að greina hvort sjáanlegar séu breytingar og þá hverjar. Við greindum ekki sérstaklega frásagnirnar sem birtust opinberlega, heldur nýttum sem bakgrunn og stoðgögn og það sama á við um heimasíðurnar. Þetta var gert til að skoða betur flókinn veruleika og ná fram marglaga og ríkari sögu (Braun og Clarke, 2013).

Siðferðileg álitamál í eigindlegum rannsóknum geta verið ótal mörg (Ástríður Stefánsdóttir, 2013), meðal annars getur verið erfitt að koma í veg fyrir að þátttakendur þekki. Það á ekki síst við á Íslandi þegar fámennir hópar eru þátttakendur í rannsóknum. Hættan á að hægt sé að þekkja þátttakendur er sérstaklega mikil þar sem sviðslistafólk og afreksfólk í íþróttum er oft þekkt í

samfélaginu. Til þess að gæta að persónuvernd þátttakenda verður ekki farið ítarlegar í sérsvið hvers og eins en þátttakendur tilheyrðu mismunandi vettvöngum þessara sviða og endurspeglu þannig ákveðinn fjölbreytileika.

Niðurstöður

Við skiptum niðurstöðum okkar í þrjú hluta; formlegar og óformlegar breytingar, og sérstakar aðstæður eða menningu innan sviða íþróttar og sviðslista. Sá hluti skiptist í þrjú þemu: 1) nánd og fjölskyldurými, 2) líkamleg og félagsleg mörk, 3) vald og traust.

Formlegar breytingar

Meginniðurstaða viðtala okkar kristallast í orðum eins viðmælenda: „Þetta er allavega klárlega að hreyfa ýmislegt, þessi bylting.“

Almennt mat viðmælenda var að jákvæðar breytingar hefðu átt sér stað, bæði formlegar og óformlegar. Nýjar eða breyttar siðareglur hefðu litið dagsins ljós og þó svo að viðmælendum hefði ekki þótt það nóg, þá töldu þær það til bóta: „Ég held að klárlega sé það eitthvað til í þessum siðareglum sem mun hjálpa. Bara einfaldir hlutir eins og að þú þurfir að biðja um leyfi áður en þú snertir einhvern.“

Líkt og áður var nefnt birtu konur í sviðslistum og kvikmyndum sínar sögur 27. nóvember 2017 en konur í íþróttum lögðu fram sínar sögur 11. janúar 2018. Auk frásagnanna sendu báðir hópar frá sér yfirlýsingar og kröfur um breytingar. Konur í sviðslistum sendu frá sér yfirlýsinguna „#tjaldið fellur“ um leið og sögunar voru birtar, með undirskriftum 587 kvenna. Kröfur þar voru frekar almennt orðaðar:

Við krefjumst þess að karlkyns samverkamenn okkar taki ábyrgð; að yfirvöld, leikhús og framleiðslufyrirtæki taki af festu á málinu og komi sér upp verkferlum og viðbragðsáætlun. (Ritstjórn Kjarnans, 2017).

Nokkrum dögum síðar, 30. nóvember, sendi hópurinn frá sér aðra yfirlýsingu og gagnrýndi þau viðbrögð sem þá höfðu birst, sérstaklega „ærandi þögn“ mennta- og menningarmálaráðuneytis og Kvikmyndaskóla Íslands. Þá var skorað á fagfélög innan sviðslista að „svara neyðarkallinu“ og orðum beint til nafngreindra formanna níu slíkra félaga. Nú var krafan skýr: „Sem formenn fagfélaganna sem gæta hagsmuna okkar skorum við á ykkur að kynna umbótatillögur innan þriggja mánaða, sem unnar eru af hópi þar sem hvert fagfélag á sér fulltrúa“ (Ásgrímur Sverrisson, 2017). Engar slíkar umbótaáætlanir hafa litið dagsins ljós frá fagfélögum og í mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi frá sér 6. október 2020 er ekki vikið að þessum þætti einu orði (Stjórnarráð Íslands, 2020). Hins vegar hefur vettvangurinn sjálfur fundið þörfina á breytingum. Gott dæmi um það er nándarþjálfun (e. intimacy coordination) sem leikkonan Kristín Lea Sigríðardóttir lærði og starfaði sem slíkur við tókur á kvikmyndinni *Berdreymi*. Nándarþjálfun gengur út á að undirbúa vel atriði sem kalla á mikla nánd og þess er gætt sérstaklega að ekki sé farið yfir mörk leikara (Anna Marsibil Clausen og Davíð Kjartan Gestsson, 2021). Fagfélögin hafa þó einhver brugðist við og má nefna að Sviðslistasamband Íslands fékk RÍKK til að framkvæma könnun meðal sviðslistafólks og hefur áður verið vikið að henni. Þar eru tillögur um aðgerðir (Kristín A. Hjálmarsdóttir, 2020) en ekki er vitað hvað um þær verður. Hjá Félagi kvikmyndagerðarmanna er vísað á sérstakt símanúmer fyrir þá sem vilja koma sögum, kvörtunum og ábendingum á framfæri. Þá var okkur einnig bent á að Félag íslenskra leikara hefði gengist fyrir fyrirlestraröð tengdri málefniinu. Viðbrögð Listaháskóla Íslands voru þau að innleiða nýja kennsluhætti í sviðslistadeild og þjálfu leiðbeinendur deildarinnar í nemendamiðudum kennsluháttum. Einnig var ákveðið að kynjafræði yrði stór hluti af inngangsnámskeiði sviðslistadeildar (Listaháskóli Íslands, 2017).

Að því er varðar konur í íþróttum, birtust frásagnir þeirra 11. janúar 2018 og yfirlýsing með. Kröfurnar voru almennt orðaðar:

Við krefjumst þess að málið sé tekið föstum tókum, að öll íþróttafélög, sérsambönd, þjálfarar og aðrir innan íþróttanna, líti í eigin barm og lofi stúlkum og konum breytingum til frambúðar. Við krefjumst þess að umhverfi íþróttanna breytist, að konum sé gert kleift að segja frá ofbeldi án þess að það komi niður á framtíðarmöguleikum þeirra innan íþróttarinnar, að á þær sé hlustað, að með þeim sé staðið og að þeim sé trúað. (Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2018)

Drátt fyrir að kröfurnar hafi verið almennt orðaðar urðu viðbrögðin töluverð. Íþróttakonur sem komu fram í Kastljósi 11. janúar eftir birtingu frásagnanna voru strax boðaðar á fund mennta- og menningarmálaráðherra til að ræða mögulegar aðgerðir (Stjórnarráð Íslands, 2018).

Í kjölfarið skipaði ráðherra starfshóp til að gera tillögur um viðbrögð og aðgerðir. Hópurinn skilaði skýrslu í júní 2018 þar sem lagðar voru til ýmsar úrbætur, meðal annars að sett yrðu lög um sérstakan samskiptaráðgjafa fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf. Ráðgjafinn hefði það hlutverk að aðstoða félög við að koma upp verkferlum og samræmdu vinnulagi. Að auki ætti ráðgjafinn að leiðbeina þeim sem brotið væri á (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2018, bls. 7). Enn voru hafðar hraðar hendur og lög um slíkan samskiptaráðgjafa samþykkt á Alþingi í maí 2019. Samkvæmt markmiðssetningu laganna á ráðgjafinn meðal annars að stuðla að því með ýmsum hætti að:

Íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar (lög um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019).

Það er ljóst að innan íþróttanna fór margt í gang og formlegum breytingum var komið á víða, það staðfesta viðmælendur okkar: „Ég veit það bara að mörg félög og sérsambönd fóru sérstaklega í það að búa til alls konar verkferla og annað, óska eftir fræðslu fyrir þjálfara og fyrir alla sem vinna hjá félaginu, jafnvel fyrir foreldra...“. Fræðsla er einmitt lykilatriði í forvörnum gagnvart kynferðislegri áreitni og ofbeldi í íþróttum samkvæmt erlendum rannsóknum (Eiler o.fl., 2019; Ohlert o.fl., 2019; Tam o.fl., 2020).

Innan sviðslistanna var töluverð óánægja vegna þess að konum þar fannst sínar kröfur ekki hafa verið teknar jafn alvarlega af ráðamönnum og kröfur íþróttakvenna:

Ég veit að mennta- og menningarmálaráðuneytið er alveg búíð að vinna vel með íþróttakonum en ég skil ekki alveg af hverju við urðum eftir, það er það sem ég skil ekki. Þú veist, ég veit að kannski gerðum við ekki nóg (...) já, ég veit ekki alveg af hverju við urðum eftir. (Sviðslistir)

Málefni beggja hópa heyrðu á þessum tíma undir mennta- og menningarmálaráðuneytið en eins og viðmælandi okkar benti á fannst konum í sviðslistum verr tekið á þeirra málum. Ekki er okkur ljóst hver ástæðan getur verið fyrir mismunandi viðbrögðum ráðuneytisins.

Óformlegar breytingar

Það sem ef til vill stendur upp úr hvað varðar óformlegu breytingarnar er að mál eru oftast rædd og ekki er lengur gengið að því sem vísu að allt eigi að gera eins og leikstjóri eða þjálfari vilji. Fólk láti breytingar á handriti eða þjálfun ekki lengur yfir sig ganga heldur ræði þær. Einn viðmælenda okkar tók dæmi:

Já já, mér finnst nú eitthvað hafa breyst. Það hefur kannski aðallega breyst í því að fólk talar sig aðeins meira í gegnum svona hluti, þetta er meira uppi á borðinu. Og þetta er að trufla fólk svolítið, fólk segir gjarnan „Má þetta núna?“ eða „Má þetta núna?“ og allt þetta sem er stundum einhvern veginn hálfasnalegt en gefur engu að síður vísbendingu um að þetta er í hugum á fólki. (Sviðslistir)

Rauður þráður í viðtölunum var að fólk fann fyrir almennum skorti á þekkingu á hvernig eigi að bregðast við ef upp koma mál tengd áreitni. Það sem ekki hvað síst var kallað eftir var að til væru skýrir verkferlar þannig að allir aðilar vissu hvar tekið væri á málum og með hvaða hætti. Jafnframt yrði slíkt að vera með þeim hætti að þolandi væri sáttur en á það hefði oft skort töluvert. Einn viðmælenda lýsti því t.d. að kvörtun hefði einungis leitt til „... sáttafundar sem að var eiginlega ekkert á forsendum viðkomandi...“. Þegar þannig er staðið að málum er í raun aðeins verið að sjá til þess að leikritið geti haldið áfram án „truflana“ (Ahmed, 2010, 2021).

Auk hinna formlegu breytinga var það mat viðmælenda að andrúmsloftið hefði breyst. Nokkur dæmi frá viðmælendum: „Það er eins og það hafi einhvern veginn komið meiri kjarkur í að segja frá.“ „Ég held að þessi menning sé alveg á undanhaldi.“

Kynslóðabreytingar voru einnig nefndar:

Einhvern veginn orðið auðveldara fyrir konur, eða ungar konur, og mér finnst þær líka vera sterkari heldur en mín kynslóð til dæmis, eða svona öðruvísi. Þær segja bara ef þeim finnst þeir vera að segja brandara sem eru leiðinlegir, eða koma við þær á óviðeigandi hátt (...) Kannski af því að þær eru búnar að læra það eða hvort þeim hefur verið sagt það eða já, líklega lært það að þetta bara á ekki við að segja brandara um brjóst á konum eða tala um kynfærin eða eitthvað slíkt, eða koma við þær eða segja eitthvað óviðeigandi, það er bara eitthvað sem á að tala um. (Sviðslistir)

Einnig var nefnt að stundum virtist eins og um lærða ómenningu væri að ræða, e.t.v. án þess að mikið lægi þar að baki. Slíkri hegðun er auðvitað mun auðveldara að breyta en þegar um meðvitaða misbeitingu valds er að ræða: „Mér finnst [þetta] svona lærð framkoma án þess að það liggja kannski eitthvað á bak við það hjá flestum.“ Þessi útskýring átti þó alls ekki upp á pallborðið hjá öllum viðmælendum okkar:

Ég held bara að auðvitað eru til einstaklingar sem að átta sig ekki á því og allt það og hérna ekki fyrr en þeim er bent á það en ég held að sé rosalega algengt að hérna, að fólk viti alveg hvað það er að gera. (Íþróttir)

Eitthvað virðist þó hafa hreyft við fólki og jafnvel var nefnt að #MeToo hefði fengið gerendur til að endurmeta hegðun sína:

Það eru alveg dæmi um að konur hafi fengið upphringingar. Sp: Frá gerendum? Sv: Já, afsökunarbeiðni og svona sumar góðar, aðrar svona „Mér finnst mjög leiðinlegt að þú hafir upplifað þetta svona.“ Ég veit um eina sem fékk símtal bara núna um daginn, þá var hann bara búinn að vera að reyna að telja í sig kjark, bara í ár, bara meðtaka þetta að hann hefði nauðgað einhverjum. (Sviðslistir)

Þó svo að viðmælendur okkar hafi rætt töluvert um óformlegar breytingar, þá var ýmislegt sem þeim þótti erfitt að fengist ekki uppger:

Kvikmyndaskólinn var mjög stór skellur hjá okkur og bara svona kerfisbundna niðurlægingin sem hefur verið í gangi þar, það var mjög stór skellur og án þess að nefna nöfn, stærsti gerandinn, hefur ekki verið afhjúpaður. (Sviðslistir)

Það er áhugavert að velta fyrir sér hvers vegna gerendur sem fólk innan sviðsins veit af eru ekki afhjúpaðir. Ef gerendur eru valdamiklir eykur það líkurnar á að uppljóstrari sé gerður

ótrúverðugur og framtíðarmöguleikar settir í hættu (Jackson, 2018). Það þarf því ekki að koma á óvart þó að þolendur eða vitni hiki við að rugga bátinum, sérstaklega í ljósi ákveðinna menningarþátta sem einkenna sviðslistir og íþróttir.

Menning innan sviðslista og íþróttar

Menning innan þessara stofnana, íþróttar og sviðslista, er eins og áður hefur komið fram nokkuð sérstök. Það er mikil nánd en á sama tíma samkeppni. Samskipti einkennast af miklu valdi stjórnenda, hvort sem það eru þjálfarar, leikstjórar eða aðrir í svipuðum stöðum. Áhrif þessarar menningar komu skýrt fram í þemagreiningu á viðtölunum.

Nánd og fjölskyldurými

Mikil nánd einkennir nám, þjálfun og framkomu fólks í sviðslistum og íþróttum. Í sviðslistum er beinlínis ýtt undir snertingu og í íþróttum er oft nauðsynlegt að snerting þjálfara eigi sér stað eða nuddara og sjúkraþjálfara. Augljóst var af orðum viðmælenda okkar að þetta atriði getur haft mikil áhrif á öll samskipti, bæði til góðs og ills.

Sumar lýsingar viðmælenda kalla fram hugmyndir um innilokun en einnig er áberandi hvernig oft er vikið að hópnum sem fjölskyldu. Hvort tveggja hefur að sjálfsögðu í för með sér nauðsyn á miklu trausti og gerir erfiðara að ákvarða mörk. Í svo nánnum aðstæðum getur verið erfitt að gera sér grein fyrir því þegar mörk eru rofin. Þegar það verður ljóst þá verður reynslan af misnotkun enn sárari og afleiðingarnar alvarlegri líkt og á sér stað þegar kynferðisleg misnotkun á sér stað innan fjölskyldunnar (Alaggia o.fl., 2019; Lemaigre o.fl., 2017). Meðal annars koma upp hugsanir um ábyrgð þolanda gagnvart hópnum (fjölskyldunni) í heild. Ef einhver segir frá, er þá ekki verið að skemma fyrir öllum?

Það eru keppnisíþróttir og liðsíþróttir og svo er leikhópurinn eða kvikmyndaprodúksjónin þar sem allir verða bara eins og fjölskylda og allir eru einhvern veginn að vinna saman og þú veist, það er líka þessi tilfinning að vilja ekki skemma fyrir sko. (Sviðslistir)

Leikhúsheimurinn er það lítill, samfélagið er það lítið, við erum kannski bara svolítið vön því að það er alltaf eitthvað svona persónulegt eða þú veist þú getur alltaf fundið svona persónulegar tengingar og þá kannski þá verður það kannski bara ja þú veist, ætlaðu þá að fara láta þetta bitna á bara hinum helmingnum af fólkinu? (Sviðslistir)

Fórarkostnaður við að segja frá er því hinir í hópnum, frekar en gleðisþillirinn sjálf. Hún veldur öðrum óþægindum og þarf að meta hvort það sé þess virði (Ahmed, 2010). Hún er að bregðast þessu óskilgreinda „við“ (Ahmed, 2017).

Viðmælendur okkar notuðu töluvert hugtök sem lýstu mikilli nánd þegar þeir fjölluðu um starfsumhverfi sitt og þjálfun. Hugtök eins og hellir, klefi og fjölskylda voru notuð. „Þetta er náíð nám, fólk er bara ógeðslega mikið saman. Þetta er bara mjög mikil nánd sem felst í þessu námi.“ Sú staða hafði margvíslegar afleiðingar. Enn frekar reynir á traust milli þeirra sem kenna eða þjálfarar og þeirra sem undir þá eru settir: „Það þarf eiginlega ekkert meira í svona nánu námi en að þú fái óviðeigandi komment frá kennaranum þínum þá getur þú ekki treyst honum til þess að leiða þig áfram í einhverri listrænni vinnu.“

Stöðugleiki hópsins virðist skipta meira máli en samstaða með þolanda ef þolandi segir frá. Þolandinn verður gleðisþillir (Ahmed, 2010) sem hefur svikið heildina:

Samstaðan er gífurleg á meðan eitthvað kemur upp á en síðan ef eitthvað fer út úr hópnum þá er bara lokað aftur á eftir þannig að hellirinn heldur sér. Þú ferð ekkert út fyrir hann. Þó að þér finnist það óréttlátt þá er það bara af því að það er einhver yfir sem ræður. (Sviðslistir)

Útilokun úr hópnum getur því fylgt því að uppljóstra. Sú sem ljóstrar upp er orðin ótrúverðug og uppruni misferlis (gagnvart hópnum) og þarf því að fara (Ahmed, 2010).

Það er harmleikur fyrir alla fjölskylduna þegar kynferðisofbeldi kemur upp innan hennar. Hópurinn, sem þó á í mikilli samkeppni um störf, lítur á sig eins og fjölskyldu, hóp af systkinum:

Þetta er svona eins og fjölskylduharmleikur þegar eitthvað svona kemur upp af því að það eru náttúrlega einhverjir sem kannski höfðu verið saman í leiklistarskóla og bara líta á hvert annað sem systkini og upplifa þá ákveðið tráma. Þó svo að hlutirnir komi ekki fyrir þig sjálfa heldur er gerandinn kannski bara eins og bróðir þinn. (Sviðslistir)

Fæstir vinnustaðir hafa þessi sterku fjölskyldueinkenni. Það má velta fyrir sér hversu mikil áhrif þessi þáttur hefur á tíðni, alvarleika og þöggun brota. Vitnisburðurinn er kæfður (e. testimonial smothering) því umhverfið er þannig að hlustendur heyra alls ekki hvað sú sem talar segir (Jackson, 2018) og kostnaðurinn við að uppljóstra er sundrun fjölskyldunnar (Ahmed, 2017).

Líkamleg og félagsleg mörk

Viðmælendur okkar bentu á að það væri í reynd grunnatriði bæði í sviðslistum og íþróttum að breyta líkamlegum og félagslegum mörkum. Í íþróttunum að fá líkamann til að gera annað og meira en hann hefur áður gert og innan sviðslistanna að yfirvinna líkamlega og félagslega þætti sem geta takmarkað. Þegar beinlínis er unnið að því að færa mörkin þá getur verið erfiðara að meta hvenær farið er yfir þau með þeim hætti að eitthvað sé gert sem ekki er nauðsynlegt eða mikilvægt, námsins eða þjálfunarinnar vegna. Þar af leiðandi er mikilvægt að stofnanir hafi skýra ramma sem allir geti þá stuðst við:

Dú ert að vinna mjög mikið með þetta að fara út fyrir þægindarammann, að fara lengra heldur en þú treystir þér til, til þess að ná langt sem íþróttamaður, og líkamlega ná árangri sem [sviðslistamaður] þarf ég að fara yfir þessa línu til þess að verða betri í því sem ég er að gera eða er verið að misnota þessa kröfu í eitthvað annað. Þess vegna þurfa rammarnir hjá þessum stofnunum að vera skýrir. (Sviðslistir)

Það virðist hafa verið raunin að „þegar þú kemur sem einhver, bara, manneskja og líkami inn í eitthvað nám, þá hafa mörkin einhvern veginn ekki verið greinilega nógu skýr.“ Viðmælendur benda einnig á að mörk fólks séu aðeins mismunandi, hvort sem það er vegna persónulegrar reynslu eða annars:

Það er nekt, það er nánd, það er snerting, líkaminn er vinnan, þú veist, þú, þú verður að nota hann og þú verður einhvern veginn að bjóða hann svona upp að ákveðnum mörkum og mörk kvenna til þess að bjóða upp á líkamann sinn eru bara svo ólík og það hefur verið svolítið svona, svolítið svona hérna auðvitað eee svona ákveðin rót vandans, að hérna, þú veist, hvar liggja mörkin og hvernig eigum við að komast að því hvar þau eru? (Sviðslistir)

Þessi ólíku viðmið gera að verkum að samræða verður að eiga sér stað. Án slíkra samræðna verða mörkin mjög fljótandi. Þessar lýsingar viðmælenda okkar ríma vel við rannsóknir Kleppe og Røyseng (2016). Það virðist þó vera tilfinning fyrir því að eftir #MeToo sé auðveldara að setja mörk:

Ég held að það sem hefur breyst og það sem er gott er að ég held að við eigum auðveldara með að leyfa okkur að setja mörk, bara allir þolendur. Við leyfum okkur miklu meira að setja mörk og við kunnum bara betur að hlusta þegar einhver segir: „Nei, heyrðu, þetta er eitthvað skrítið.“ (Sviðslistir)

Þessi mörk eru þó aðeins sett með samtali, þar sem leyfi er til að setja mörkin og allir hlusta. Til þess að það geti átt sér stað þarf traust að vera til staðar og hlustendur verða að vera tilbúnir að heyra það sem mögulegir gleðispillar hafa að segja.

Vald og traust

Leikstjórar og þjálfarar eru í afar sterkri stöðu gagnvart iðkendum, að sumu leyti ekki ólíkri stöðu foreldra gagnvart börnum. Ef þú ekki gegnir þeim sem eiga að vita best hvað þarf í námi og þjálfun þá er óvíst að markmiðinu verði náð.

Iðkendur standa frammi fyrir ýmsum áskorunum. Allir stefna að einstaklingsbundnum frama en eru samt þátttakendur í verkefnum sem kalla á hópastarf og samvinnu. Frami er oft háður einum einstaklingi, leikstjóra eða þjálfara. Valdamisvægi er mjög mikið og miklir möguleikar gerenda til að spilla frama einstaklinga ef þeim sýnist svo: „Maður hefur heyrt sögur um kvikmyndaleikstjóra á Íslandi sem að, þú veist, valdamiklir menn, sem geta ráðið því hvort að ferillinn heldur áfram eða ekki.“ Slíkar sögur var líka að finna hjá íþróttahreyfingunni:

Valdastrúktúrinn er þannig, að það er eins gott að ég segi ekki neitt af því að þá getur ferillinn minn verið búinn, það eru bara þarna ákveðnir aðilar sem að hafa í raun og veru minn feril sem íþróttakonu í höndunum, það er svo auðvelt fyrir þjálfara eða stjórnarmenn að rústa ferli íþróttamanneskjunnar. Valdamisræmið er svo mikið og ofbeldið þrífst svo vel þar. (Íþróttir)

Þessi orð ríma við aðrar rannsóknir þar sem bent hefur verið á ægivald íþróttþjálfara (Eiler o.fl., 2019; Ohlert o.fl., 2019; Tam o.fl., 2020) og svipar einnig til lýsinga Kleppe og Røyseng (2016) á áhrifavaldi leikstjóra. Innan sviðslistanna var einnig vikið að því að þörf væri fyrir aukid atvinnuöryggi. Mikið væri um að ákvæði um vinnutíma væru brotin og að réttleysi almennra starfsmanna væri algert þegar kæmi að ráðningarmálum. Brottrekstur þyrfti hvorki að réttlæta né rökstyðja:

Það eru allir svo hræddir um að fá aldrei vinnu aftur, það er nú nógu erfitt að fá hana án þess að vera sú sem afhjúpaði X eða Y. Það er svona ákveðin svona ógn svona starfsöryggisógn, þetta litla starfsöryggi sem er til, því er ógnað með þessu. Þetta er ótrúlega viðkvæmur hópur, það eru allir hóparnir viðkvæmir svo sem en það (...) það eru engin lög sem vernda okkur. (Sviðslistir)

Þarna lýsa viðmælendur okkar því að hægt sé að misnota vald sitt á fleiri en einn hátt, og í raun virðist upplifunin vera algert valdaleysi. Afhjúpunin límist við þær (Ahmed, 2010) og þær eiga á hættu að eyðileggja framtíðarmöguleika sína innan starfsstéttarinnar (Ahmed, 2021).

Það mátti á sumum viðmælenda skilja að enn eimdi eftir af þeirri hugsun að helst ætti ekki að „rugga bátinum“ og að staða geranda skipti máli:

Þetta er viðhorfið: „En ef að það er rosalega hátt settur aðili, eða landsliðsmaður“ og þá náttúrulega spyr ég til baka: „Erum við sem sagt að tala um það að það má nauðga í úrslitakeppni og við ætlum að gera greinarmun á því hvort þetta sé einhver á Siglufirði sem er að leika sér í íþróttinni eða landsliðsmaður?“ Þetta er nefnilega viðhorfið. Því miður er þetta enn þá. (Íþróttir)

Ásýnd íþróttahreyfingarinnar skiptir hreyfinguna miklu máli. Bæði eru miklir peningar í spilu og eins eru landsliðsmenn „strákarnir okkar“. Vegna geislabaugsáhrifanna sem umlykja „strákana okkar“ er erfiðara að trúá einhverju misjöfnu um þá (Nufer, 2018). Eins og Goffman (1959) heldur fram þá er öllum þátttakendum í leikritinu umhugað um að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Þegar umræðan snýst um brot einhvers í valdastöðu innan hópsins virðist ábyrgðin á brotinu ekki vera hans heldur gleðispillisins sem neitar að hylma yfir (Ahmed, 2010).

Samantekt og ályktanir

Á heildina litið virðist sem #MeToo-hreyfingin hafi skilað jákvæðum breytingum inn í íslenskt samfélag. Fleira virðist vera rætt en áður, aðgangur að fræðsluefni er betri, allir eru betur upplýstir um réttindi og skyldur og kærnumöguleikar eru opnari. Því fer þó auðvitað víðs fjarri að vandinn hafi verið leystur. Nú segja þó fleiri frá þegar þeim er misboðið og hafi þolendur vísan stuðning aukast líkurnar á að þessari hegðun verði útrýmt. Önnur bylgja #MeToo hefur dregið fram að krafan um ábyrgð er orðin það hávær að gerendur sem tilheyra efstu lögum samfélagsins hafa þurft að víkja (Hjördís Rut Sigurjónsdóttir og Ólöf Rún Erlendsdóttir, 2022).

Tvenns konar gerendur sýnist okkur birtast í frásögnum hópanna og viðtölum okkar. Annars vegar eru þeir sem meðvitað misbeita valdastöðu sinni. Þar er augljóslega þörf á skýrum verkferlum, hvert þolandi eigi að leita, hvernig taka skuli á geranda og hvert framhaldið verði. Fræðsla getur þar haft jákvæð áhrif hvað það varðar að þolendur verði meðvitaðri um hvenær farið er yfir mörk og það sama á við um aðra sem með einum eða öðrum hætti tengjast málinu; foreldrar, samverkafólk og vinir. Án verkferla sem öllum eru kunnir eða hafa aðgang að, er þó aukin hætta á að ekki verði gripið í taumana.

Hins vegar eru svo þeir gerendur sem virðast að einhverju leyti misskilja aðstöðu sína, eru forréttindafirrtir og átta sig ekki á þeim afleiðingum sem valdamisvægi getur haft á öll samskipti. Til að draga úr hættunni á að slíkt valdamisvægi leiði til kynferðislegrar áreitni er þörf á fræðslu fyrir sem flesta sem að samskiptunum koma; yfirmenn, þjálfara, kennara og stjórnendur. Þar þyrfti að fara yfir áhrif valdamisvægis á samskipti, mikilvægi þess að segja frá og virða mörk, auk mikilvægis gagnkvæmrar virðingar og sköpunar rýmis þar sem öllum finnst þeir geta tjáð sig um hvaðeina.

Upphafleg hugmynd okkar um að margt væri sameiginlegt í reynslu þessara tveggja hópa kvenna fékkst staðfest í viðtölunum. Þar kom í ljós að sérstakar aðstæður og menning voru fyrir hendi bæði á sviði íþróttanna og sviðslistanna sem gerir að verkum að sögur þessara hópa greina sig frá mörgum öðrum hvað varðar alvarleika ofbeldis. Þessir hópar eiga einnig sameiginlegt að líkaminn er í forgrunni og mikil nánd er nauðsynleg sem hefur í för með sér að erfðara getur verið að setja líkamleg og félagsleg mörk en gengur og gerist. Þá einkennast samskipti af miklu valdi stjórnenda.

Það er mikilvægt að nefna og gera sýnilegt það kerfi sem gerir að verkum að valdamisræmi er eins og raun ber vitni, en með því að nefna hlutina er hægt að veita þeim viðnám. Menning innan sviðslista og íþróttahreyfingarinnar virðist hafa viðhaldið valdamisræmi og þöggun. Í þessari menningu eru mörk óljós og oft rofin. Samstarfsfólk verður eins og fjölskylda og stjórnendur hafa nánast alræðisvald.

Goffman (1959) hefur bent á að svo virðist sem það skipti alla þátttakendur í samskiptum miklu máli að „rugga ekki bátnum“; að í rauninni sé gerandinn, þolandinn og þeir sem eru í hlutverki áhorfenda, í sama liði. Öllum aðilum er umhugað um að ekki verði truflun á leiksýningunni. Þetta er einmitt sá þáttur sem viðmælendur okkar í báðum hópum nefndu að stuðli að því að ekki séu gerðar athugasemdir við óvelkomna hegðun, hvorki af hálfu þess sem fyrir slíku verður né þeirra sem verða vitni að henni. Það er þó ljóst að það eru ekki allir í sama liði, því þegar þolandi segir frá bregst hópurinn fjandsamlega við (Jackson, 2018). Þolandinn er sá aðili sem stuðlar að niðurrifi fjölskyldunnar (Ahmed, 2017) og truflar leiksýninguna.

Hægt er að segja að kynferðisleg áreitni og ofbeldi gagnvart konum séu skrifuð í handritið (Ahmed, 2017). Þetta félagslega handrit gerir þolendum erfitt fyrir að segja frá ofbeldi, eða stöðva kynferðislega áreitni þegar hún á sér stað. Ástæðan er sú að þegar konur hafa sett mörk eru þær oft sagðar viðkvæmar, geti hvorki tekið gríni, né hrósi (Ahmed, 2017). Þolandinn sé því sá sem beri ábyrgð á að viðhalda félagslegum stöðugleika. Það gerist þá með því að rugga ekki bátnum og segja ekki frá – ella eyðileggja framtíðarmöguleika sína innan stofnunarinnar

(Ahmed, 2021). Það er ekki sá sem áreitir eða beitir ofbeldi sem er álitinn rjúfa leiksýninguna. Innbyggt í handritið virðist því vera rými fyrir áreitni og ofbeldi. Handritinu þarf því að breyta og það sem #MeToo hefur gert er að gagnrýna handritið og leggja til að það sé endurskrifað í heild sinni.

Boundaries in close space: #MeToo in the performing arts and sports

Few things have caused as much upheaval in Western societies in the last years as women's publication of their experiences of sexual harassment and sexual violence under the hashtag #MeToo. In Iceland, the debate began in November 2017 when the first stories from women's groups were made public. A total of 17 groups published stories that winter. Some groups called for changes in general terms, while others made clear and specific demands for action.

The purpose of our study was to map out the demands of women in #MeToo and try to evaluate the effectiveness of this social movement. In addition to formal change, we also wanted to try to capture the experience of informal change. We looked at sports and the performing arts by analysing available data and conducted interviews with women athletes, women in the performing arts and influential people connected to these two groups. We used a semi-structured interview framework and asked interviewees to tell us if anything had changed in their daily work after #MeToo, something that was not necessarily related to formal changes. The reason why we chose those two groups was the need to narrow the research, but it also appeared that these two groups have certain elements in common that could lead to similar experiences. This idea was confirmed in the interviews. It revealed that special circumstances and cultures exist in both the field of sports and the performing arts, which means that the stories of these groups differ from many others in terms of the seriousness of violence. What these groups also have in common is that the body is in the foreground and a great deal of intimacy is necessary, which means that it can be more difficult to set physical and social boundaries.

The main results are that there were significant formal changes in the sports movement, but less so in the performing arts. However, our interviewees agreed that there had been changes in behaviour and conduct within both groups; more was discussed than before and inappropriate treatment was discussed immediately. More specific results are that these two groups share a strong imbalance of power; individuals (athletes or actors) have a lot at stake and are in a difficult position with regard to powerful individuals, coaches, or directors. There is a sense of closeness; the workspace is small, and people know one another well. Part of learning, training, and working involves moving or stretching boundaries to reach goals, under the guidance of a director or a coach. In such settings it can be difficult to see and realise when boundary stretching develops into abuse of power. This was evident in the stories shared by both women in sports and in the performing arts.

It is important to name and make visible the system that creates power imbalance. Only when visible, can it be resisted. The dominant culture within the performing arts and the sports movement seems to have maintained silence and an imbalance of power. Within this culture, boundaries are blurred and often broken. Due to the closeness, colleagues will be like family and difficult matters such as sexual abuse are hard to discuss. To add to this, managers (directors and coaches) have almost totalitarian power over participants.

To explain how such a culture prevails and perpetuates, we used Erving Goffman's (1959) theories on social interaction, Sara Ahmed's (2010) writing on the killjoy,

and epistemological injustice (Jackson, 2018). Goffman uses theatrical metaphors to explain the social rules of interaction, such as actors, play, role, and script. He points out that it seems to be important for all participants in the communication not to “rock the boat”; that in fact the perpetrator, the victim(s) and those who are in the role of spectators, are on the same team. All are concerned that there will be no disruption of the play. This is precisely the aspect that our participants mentioned as contributing to the non-commenting on unwelcome behaviour, neither on the part of the victim nor of those who witness it. It is, however, clear that everyone is not on the same team, because when a survivor reveals the violence, the group becomes hostile towards the teller (Jackson, 2018). The teller is the one breaking up the family (Ahmed, 2017) and disrupting the play. It can be said that sexual harassment and violence against women is written into the script (Ahmed, 2017). This social script makes it difficult for survivors to report violence, or to stop sexual harassment when it occurs. The reason is that when women set boundaries, they are said to be over-sensitive, cannot take jokes, or praise (Ahmed, 2017). The victim is, therefore, the one who is made responsible for maintaining social stability by not speaking out – or else sabotaging her future within the institution (Ahmed, 2021). It is not the person who harasses or uses violence who is considered to interrupt the play. Built-in the script, seems to be room for harassment and violence. #MeToo managed to draw forward that the whole script needs to be rewritten and changed.

Keywords: #metoo, sexual harassment, sexual violence, performing arts, sports

Um höfunda

Ásta Jóhannsdóttir (astaj@hi.is) er lektor á þroskaþjálfabraut við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst 2008, MA-prófi í mannfræði frá Háskóla Íslands 2010, diplómu í kynjafræði frá sama skóla árið 2011 og doktorsprófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands 2018. Rannsóknir Ástu hafa einkum beinst að kyngervishugmyndum ungs fólks, lífsgæðum og þátttöku ungs fatlaðs fólks með áherslu á hrif, öræreitni og ableisma.

Ingólfur V. Gíslason (ivg@hi.is) er prófessor í félagsfræði við félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1982 og varði doktorsritgerð sína í félagsfræði við Háskólann í Lundi, Svíþjóð, vorið 1990. Rannsóknir hans hafa sérstaklega beinst að samfélagslegri stöðu karla og hugmyndum um karlmennsku.

About the authors

Ásta Jóhannsdóttir (astaj@hi.is) is an assistant professor at the Faculty of Diversity and Education at the School of Education, University of Iceland. She completed a BA degree in philosophy, politics and economics from the University of Bifröst in 2008, an MA degree in anthropology from the University of Iceland in 2010, a diploma in gender studies from the same school in 2011 and a PhD in sociology from the University of Iceland in 2018. Ásta's research focus has mainly been young people and gender identities, quality of life and participation of young disabled people. Her theoretical focus is affective practices, microaggression and ableism.

Ingólfur V. Gíslason (ivg@hi.is) is a professor in sociology at the School of social science, University of Iceland. He completed his BA-degree in political science in 1982 and defended his PhD thesis in sociology in spring 1990. His research has mainly focused on men and masculinities.

Heimildir

- Ahmed, S. (2010). *The promise of happiness*. Duke University Press Books.
- Ahmed, S. (2017). *Living a feminist life*. Duke University Press Books.
- Ahmed, S. (2021). *Complaint!* Duke University Press Books.
- Alaggia, R., Collin-Vézina, D. og Lateef, R. (2019). Facilitators and barriers to child sexual abuse (CSA) disclosures: A research update (2000–2016). *Trauma, Violence, & Abuse, 20*(2), 260–283. <https://doi.org/10.1177/1524838017697312>
- Anna Marsibil Clausen og Davíð Kjartan Gestsson. (2021, 23. janúar). *Eini nándarþjálfinn á Íslandi*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/2021/01/23/eini-nandarþjalfinn-a-islandi>
- Ásgrímur Sverrisson (ritstjóri). (2017, 30. nóvember). *Frá #metoo konum í sviðslistum og kvikmyndagerð: Yfirlýsingar eru ekki nóg*. Klapptré. <https://klapptre.is/2017/11/30/fra-metoo-konum-i-svidslistum-og-kvikmyndagerd-yfirlýsingar-eru-ekki-nog/>
- Ásta Jóhannsdóttir. (2019). Body hair and its entanglement: Shame, choice and resistance in body hair practices among young Icelandic people. *Feminism & Psychology, 29*(2), 195–213. <https://doi.org/10.1177/0959353518815706>
- Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (2018). Young Icelandic men's perception of masculinities. *The Journal of Men's Studies, 26*(1), 3–19. <https://doi.org/10.1177%2F1060826517711161>
- Ásta Snorradóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðný Gústafsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir. (2020). *Valdbeiting á vinnustað. Rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ástríður Stefánsdóttir. (2013). Eigindlegar rannsóknir og siðferðileg álitamál. *Sérrit Netlu 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. https://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/002.pdf
- Bartky, S. L. (1998). Foucault, femininity, and the modernization of patriarchal power. Í R. Weitz (ritstjóri), *The politics of women's bodies. Sexuality, appearance and behavior* (bls. 25–45). Oxford University Press.
- Bjørnseth, I. og Szabo, A. (2018). Sexual violence against children in sports and exercise: A systematic literature review. *Journal of Child Sexual Abuse, 27*(4), 365–385. <https://doi.org/10.1080/10538712.2018.1477222>
- Brackenridge, C. H., Bishopp, D., Moussalli, S. og Tapp, J. (2008). The characteristics of sexual abuse in sport: A multidimensional scaling analysis of events described in media reports. *International Journal of Sport and Exercise Psychology, 6*(4), 385–406. <https://doi.org/10.1080/1612197X.2008.9671881>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. SAGE.
- BSRB. (2018, 24. janúar). *Um 40 prósent kvenna orðið fyrir áreitni í starfi*. <https://www.bsrb.is/is/frettakerfi/um-40-prosent-kvenna-ordid-fyrir-areitni-i-starfi>
- Chandra, G. (2020). The anonymous feminist. Agency, trauma, personhood, and the #MeToo movement. Í G. Chandra og Irma Erlingsdóttir (ritstjórar), *The Routledge handbook of the politics of the #MeToo movement* (1. útgáfa) (bls. 99–109). Routledge.
- Chandra, G. og Irma Erlingsdóttir. (ritstjórar). (2020). *The Routledge handbook of the politics of the #MeToo movement* (1. útgáfa). Routledge.
- Creswell, J. W. (2012). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (3. útgáfa). SAGE.
- Eiler, B. A., Al-Kire, R., Doyle, P. C. og Wayment, H. A. (2019). Power and trust dynamics of sexual violence: A textual analysis of Nassar victim impact statements and #MeToo disclosures on Twitter. *Journal of Clinical Sport Psychology, 13*(2), 290–310. <https://doi.org/10.1123/jcsp.2018-0056>
- Elisabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd*. https://www.velferðarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf
- Evans, A., Riley, S. og Shankar, A. (2010). Technologies of sexiness: Theorizing women's engagement in the sexualization of culture. *Feminism & Psychology, 20*(1), 114–131. <https://doi.org/10.1177/0959353509351854>

- Gavey, N. (2011). Feminist poststructuralism and discourse analysis revisited. *Psychology of Women Quarterly*, 35(1), 183–188. <https://doi.org/10.1177/0361684310395916>
- Goffman, E. (1959). *The presentation of self in everyday life* (1. útgáfa). Anchor.
- Goffman, E. (1976). *Gender advertisements* (1. útgáfa). Harper & Row.
- Hjördís Rut Sigurjónsdóttir og Ólöf Rún Erlendsdóttir. (2022, 9. janúar). *Mál Vítaliu með þeim mikilvægustu síðustu áratugi*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/2022/01/09/mal-vitaliu-med-theim-mikilvaegustu-sidustu-aratugi>
- Hugrún Hjaltadóttir. (2018, 31. janúar). *#metoo – áfram gegn ofbeldi*. Jafnréttisstofa. <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/frettir/metoo-afra-gegn-ofbeldi>
- Jackson, D. L. (2018). “Me Too”: Epistemic injustice and the struggle for recognition. *Feminist Philosophy Quarterly*, 4(4), 4. <https://doi.org/10.5206/fpq/2018.4.6231>
- Kleppe, B. og Røyseng, S. (2016). Sexual harassment in the Norwegian theatre world. *The Journal of Arts Management, Law, and Society*, 46(5), 282–296. <https://doi.org/10.1080/10632921.2016.1231645>
- Kristín A. Hjálmsdóttir. (2020). *Einelti og áreitni í starfsumhverfi sviðslista*. Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. <https://rikk.hi.is/wp-content/uploads/Einelti-og-areitni-i-starfsumhverfi-svidslista-RIKK-Rannsoknastofnun-i-jafnrettisfraedum.pdf>
- Lawler, S. (2014). *Identity: Sociological perspectives* (2. útgáfa). Polity.
- Leahy, T., Pretty, G. og Tenenbaum, G. (2002). Prevalence of sexual abuse in organised competitive sport in Australia. *Journal of Sexual Aggression*, 8(2), 16–36. <https://doi.org/10.1080/13552600208413337>
- Lemaigre, C., Taylor, E. P. og Gittoes, C. (2017). Barriers and facilitators to disclosing sexual abuse in childhood and adolescence: A systematic review. *Child Abuse & Neglect*, 70, 39–52. <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2017.05.009>
- Listaháskóli Íslands. (2017, 18. desember). *#Metoo Tímalína sviðslistadeildar: Viðbrögð, aðgerðir og áætlanir*. <https://www.lhi.is/frettir/metoo-timalina-svidslistadeildar-vidbrogd-adgerdir-og-aetlanir>
- Lorentzen, J. (2011). Masculinities, power and change. *NORMA*, 6(2), 110–123. <https://doi.org/10.18261/ISSN1890-2146-2011-02-02>
- Lög um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019. <https://www.althingi.is/lagas/151c/2019045.html>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2018). *Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/A%C3%B0ger%C3%B0ir%20gegn%20kynfer%C3%B0islegri%20%C3%A1reitni%20og%20ofbeldisheg%C3%B0un%20%C3%AD%20%C3%AD%C3%BEr%C3%B3tta-%20og%20%C3%A6skul%C3%BD%C3%B0sstarfi_till%C3%B6gur%20st
- Mulvey, L. (1989). *Visual and other pleasures: Collected writings*. Palgrave Macmillan.
- Nufer, G. (2018). An exploration of the halo effect in professional soccer. *European Journal of Physical Education and Sport Science*, 4(9), 17–29. <https://doi.org/10.5281/zenodo.1319077>
- Ohlert, J., Rau, T. og Allroggen, M. (2019). Association between sexual violence experiences and well-being and risk for depression in elite athletes depends on the context of the incidents. *Journal of Clinical Sport Psychology*, 13(2), 311–329. <https://doi.org/10.1123/jcsp.2019-0008>
- Ritstjórn Kjarnans. (2017, 27. nóvember). *Tjaldid fellur – Konur úr sviðslistum og kvikmyndagerð segja frá ofbeldi og áreitni*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/frettir/2017-11-27-tjaldid-fellur-konur-ur-svidslistum-og-kvikmyndagerd-segja-fra-ofbeldi-og-areitni/>
- Ritstjórn Kjarnans. (2021, 28. desember). *Nýja bylgjan sem skall á með látum*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/skyring/nyja-bylgjan-sem-skall-a-med-latum/>
- Stjórarráð Íslands. (2018, 12. janúar). Einhuga um að vinna saman gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/01/12/Einhuga-um-ad-vinna-saman-gegn-kynbundnu-ofbeldi-og-areitni/>
- Stjórarráð Íslands. (2020, 6. október). Fyrsta heildstæða kvikmyndastefnan orðin að veruleika. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/10/06/Fyrsta-heildstaeda-kvikmyndastefnan-ordin-ad-veruleika/>

- Sylvía Rut Sigfúsdóttir. (2018, 11. janúar). *Íþróttakonur jafna leikinn: Lýsa áreitni, mismunun, ofbeldi og nauðgunum*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20181506055d>
- Tam, A., Kerr, G. og Stirling, A. (2020). Influence of the #MeToo movement on coaches' practices and relations with athletes. *International Sport Coaching Journal*, 8(1), 1–12. <https://doi.org/10.1123/iscj.2019-0081>
- Vertommen, T., Kampen, J., Schipper-van Veldhoven, N., Uzieblo, K. og Van Den Eede, F. (2018). Severe interpersonal violence against children in sport: Associated mental health problems and quality of life in adulthood. *Child Abuse & Neglect*, 76, 459–468. <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2017.12.013>
- West, C. og Zimmerman, D. H. (1987). *Doing gender*. *Gender & Society*, 1(2), 125–151. <https://doi.org/10.1177/0891243287001002002>
- World Economic Forum. (2019). *Global gender gap report 2020*. <https://www.weforum.org/reports/gender-gap-2020-report-100-years-pay-equality/>
- Zarkov, D. og Davis, K. (2018). Ambiguities and dilemmas around #MeToo: #ForHow Long and #WhereTo? *European Journal of Women's Studies*, 25(1), 3–9. <https://doi.org/10.1177/1350506817749436>



Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (2022).
Mörk í nánu rými: #MeToo í sviðslistum og íþróttum
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2022/alm/02>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.2>